

Alþingi
Erindi nr. P 132/1926
komudagur 28.4.2006

KJARANEFND

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2006

710. mál.
Frumvarp til laga um kjararáð

Hjálagt sendist efnahags- og viðskiptanefnd til fróðleiks, ársskýrsla kjaranefndar 2005 ásamt fylgiskjölum.

Virðingarfyllst,
f.h. kjaranefndar



Guðrún Zoëga

Ársskýrsla kjaranefndar 2005

1. Almennt um kjaranefnd

Kjaranefnd starfar samkvæmt lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd með síðari breytingum. Nefndin er skipuð þremur mönnum, tveimur tilnefndum af Kjaradómi og einum skipuðum af fjármálaráðherra og skal hann vera formaður. Varamenn eru valdir með sama hætti.

Nefndarmenn í kjaranefnd árið 2005 voru Guðrún Zoëga verkfræðingur, formaður, Þorsteinn Haraldsson endurskoðandi og Valborg Snævarr hæstaréttarlögmaður. Varamenn voru Auður Finnbogadóttir viðskiptafræðingur, Lárus Finnbogason endurskoðandi og Sif Konráðsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Auk formanns sem sinnir nefndarformennsku í fullu starfi, starfa tveir starfsmenn með nefndinni, Anna Hermannsdóttir lögfræðingur, ritari nefndarinnar og Hildur Guðbrandsdóttir, skrifstofumaður. Þórunn Sigurðardóttir lögfræðingur, leysti Önnu Hermannsdóttur af í fæðingarorlofi frá september 2005.

Skrifstofa kjaranefndar er að Hverfisgötu 6a í Reykjavík.

2. Hlutverk kjaranefndar

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd er hlutverk kjaranefndar að ákveða laun og önnur starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem Kjaradómur ákveður laun, lögreglumanna, tollvarða og fangavarða, sbr. ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög). Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör prófessora, enda verði talið að þeir gegni því starfi að aðalstarfi. Laun prófessora ráðast af röðun í launaflokk samkvæmt mati á störfum þeirra. Kjaranefnd annast það mat.

Í starfsmannalögum, 1. mgr. 22. gr. laganna, eru taldir upp þeir sem teljast embættismenn samkvæmt lögnum, **sbr. fskj. I**, og samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sker fjármálaráðherra úr um hvaða starfsmenn teljast forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem ekki eru sérstaklega upp taldir í lögnum. Skal fjármálaráðherra fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn. Listinn var birtur í Lögbirtingablaði nr. 7/2005 hinn 21. janúar 2005, **sbr. fskj. II**. Kjaranefnd ákveður laun allra forstöðumanna á listanum nema eftirtalinna; banka- stjóra Seðlabanka Íslands, framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs og Lánasjóðs landbúnaðarins og forstjóra Fjármálaeftirlitsins og Samkeppnisstofnunar.

Kjaranefnd ákvarðar föst laun fyrir dagvinnu og kveður á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver ber að launa sérstaklega. Við ákvörðun launakjara skal nefndin gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum hjá þeim sem hún fjallar um, að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar og að samræmi sé milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli

kjarasamninga eða Kjaradóms. Einkum ber nefndinni að halda ákvörðunum sínum innan þess ramma sem markaður er af Kjaradómi og kjarasamningum.

Kjaranefnd hefur sett reglur, þ.e. almenn ákvæði um starfskjör þeirra sem heyra undir úrskurð nefndarinnar um laun og almenn starfskjör og eru þær frá 18. júní 2003. Nefndin hefur einnig sett viðmiðunarreglur um greiðslur fyrir aukastörf og eru þær frá 16. desember 1997.

Kjaranefnd skal taka mál til meðferðar þegar nefndin telur þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald nefndarinnar tekur til. Þá skal nefndin eigi sjaldnar en árlega meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem nefndin ákveður.

3. Um tengsl Kjaradóms við kjaranefnd

Kjaradómur tilnefnið tvo af þremur nefndarmönnum í kjaranefnd auk tveggja varamanna, sbr. 8. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Þá skal Kjaradómur setja kjaranefnd meginreglur um úrskurði nefndarinnar, sbr. 7. gr. laganna. Slíkar reglur voru settar af Kjaradómi hinn 4. nóvember 1993, með breytingum hinn 12. júní 1997.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. reglnanna skal kjaranefnd áður en hún kveður upp úrskurði með formlegum hætti, kynna Kjaradómi niðurstöður sínar. Líti Kjaradómur svo á að ákvörðun (einstök úrlausn) raski því samræmi sem krafist er í niðurlagi 10. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, skal Kjaradómur innan 15 daga frá því að slík úrlausn berst honum frá kjaranefnd beina rökstuddum tilmælum til kjaranefndar um að nefndin taki ákvörðun sína (úrlausn) til umfjöllunar og ákvörðunar á nýjan leik. Ber kjaranefnd að verða við þeim tilmælum.

4. Um störf og málafjölda kjaranefndar á árinu 2005

Kjaranefnd hélt 34 fundi á árinu 2005. 334 mál voru til meðferðar hjá nefndinni á árinu, 9 mál frá fyrra ári og 325 ný mál. Kjaranefnd afgreiddi 312 mál á árinu og var 22 málum ólokið í árslok.

Af þeim 312 málum sem afgreidd voru á árinu voru 221 vegna mats á störfum prófessora, (17 þeirra voru felld niður og 11 mál voru vegna grunnmats á nýjum prófessorum), 29 mál voru vegna endurskoðunar eða ákvörðunar launa og lauk 22 þeirra með úrskurði um laun og önnur starfskjör, 17 mál voru um ákvörðun eininga sendifulltrúa, sendiherra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði, 11 mál voru vegna tímabundins álags, 19 erindi voru um hvort aukastarf tilheyrði aðalstarfi og 15 ýmis önnur mál.

Af þeim 22 úrskurðum sem kjaranefnd kvað upp á árinu voru 10 vegna nýrra embætta, 3 vegna endurskoðunar á launakjörum einstakra embættismanna, 6 vegna endurskoðunar á launakjörum afmarkaðra hópa embættismanna, 1 vegna endurskoðunar á launakjörum prófessora (þeir eru ekki embættismenn) og tveir

vegna almennra launahækkana til embættismanna og náði annar þeirra einnig til prófessora.

Nýir embættismenn sem kjaranefnd ákvarðaði laun með úrskurði voru;

- forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn
- forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss
- forstöðumaður Rannsóknarnefndar flugslysa
- forstjóri Neytendastofu
- talsmaður neytenda
- forstjóri Landbúnaðarstofnunar
- forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa
- forstöðumaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála
- framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala, Sólvangs
- forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Launakjör þriggja embættismanna sem tekin voru til endurskoðunar;

- skrifstofustjóra Alþingis
- forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins
- forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Launakjör fimm hópa embættismanna sem tekin voru til endurskoðunar;

- ráðuneytisstjóra
- rektora Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands
- skólameistara framhaldsskóla
- framkvæmdastjóra sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana
- presta, prófesta og vígslubiskupa (tveir úrskurðir)

Einnig var kveðinn upp úrskurður um laun og önnur starfskjör

- prófessora

Auk þeirra tuttugu úrskurða sem að ofan greinir voru kveðnir upp tveir úrskurðir á árinu 2005 um almenna hækkun launa, annars vegar til embættismanna og hins vegar til embættismanna og prófessora.

Á árinu 2005 var tekið í notkun rafrænt málaskráningarkerfi.

5. Nánar um úrskurði kjaranefndar á árinu 2005

5.1. Úrskurðir um almennar launahækkunarir

Tveir úrskurðir voru kveðnir upp á árinu um almenna hækkun launa. Annars vegar úrskurður uppkveðinn hinn 28. júní 2005 um 4,5% hækkun launa embættismanna hinn 1. febrúar 2005 og hins vegar úrskurður uppkveðinn hinn 13. desember 2005 um 2,5% hækkun launa embættismanna og prófessora hinn 1. janúar 2006. Í þeim úrskurði var einnig kveðið á um 26.000 króna eingreiðslu til viðbótar launum fyrir 15. desember 2005.

Með úrskurði kjaranefndar hinn 28. júní 2005 hækkuðu laun embættismanna afturvirkkt um 4,5% frá 1. febrúar 2005. Í forsendum úrskurðarins var vísað til 10. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, til úrskurðar Kjaradóms frá 9. júní 2005 um 2% hækkun launa, til hækkunar á launavísitölu frá janúar 2004 um 8,6% og til samkomulags fjármálaráðherra við 24 stéttarfélög innan BHM frá 28. febrúar 2005 þar sem minnsta hækkun launataflna var 4,5%. Við samanburð á launahækkunum embættismanna sem undir kjaranefnd heyrðu og félagsmanna BHM frá janúar 2004 var niðurstaðan að til þess að embættismenn drægjust ekki aftur úr öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum í launum, að teknu tilliti til þeirra hækkana sem urðu 1. febrúar 2005, þyrftu laun þeirra að hækka um a.m.k 4,5%. Með úrskurðinum hækkuðu laun embættismanna um 4,5% frá 1. febrúar 2005.

Hinn 13. desember 2005 kvað kjaranefnd upp úrskurð um almenna launahækkun og sérstaka eingreiðslu til embættismanna og prófessora. Í forsendum úrskurðarins var vísað til 10. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd og til samkomulags fjármálaráðherra frá 28. febrúar 2005 við 23 aðildarfélög BHM um að ef nefnd sú sem fjallaði um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði næði samkomulagi um breytingu á samningum aðila, skyldi sambærileg breyting gilda um kjarasamninga fjármálaráðherra við aðildarfélögin. Forsendunefnd, skipuð fulltrúum frá SA og ASÍ, komst að þeirri niðurstöðu að samningsforsendur hefðu ekki staðist og á þeim grundvelli var gert samkomulag hinn 15. desember 2005 um sérstaka eingreiðslu, kr. 26.000,- sem kæmi til greiðslu eigi síðar en 15. desember 2005. Starfsmenn ríkisins sem tóku laun samkvæmt kjarasamningum fengu líka umrædda eingreiðslu sbr. áðurgreint samkomulag fjármálaráðherra við aðildarfélög BHM. Í samkomulaginu voru einnig ákvæði um áfangahækkanir, m.a. um 2,5% hækkun launa félagsmanna hinn 1. janúar 2005. Með vísan til framanritaðra forsendna ákvað kjaranefnd með úrskurði að greiða skyldi prófessorum og embættismönnum 26.000 króna eingreiðslu til viðbótar launum. Einnig að laun prófessora og embættismanna hækkuðu um 2,5% hinn 1. janúar 2006.

5.2. Úrskurður um laun og starfskjör prófessora

Hinn 28. júní 2005 var kveðinn upp úrskurður um laun og önnur starfskjör prófessora. Með úrskurðinum var yfirvinnuheimild prófessora (umfram fasta yfirvinnu) aukin og laun hækkuð með vísan til þá nýgerðra kjarasamninga við félög háskólakennara. Við ákvörðun launa var miðað við að föst laun prófessora yrðu ekki lægri en laun dósentna og vísindamanna (fræðimanna) með jafn mörg heildarstig og hluti eininga vegna yfirvinnu var færður inn í grunnlaun. Þá var með úrskurðinum að beiðni háskólaráðs Háskóla Íslands innleidd svokölluð þjónustuyfirvinna, þ.e. heimild til að greiða prófessorum allt að 200 klst. á ári af sértekjum (þjónusturannsóknum) sem þeir öfluðu háskólanum. Launabreytingar samkvæmt úrskurðinum miðuðust við 1. febrúar 2005.

5.3. Úrskurðir um laun og starfskjör presta, prófesta og vígslubiskupa

Tveir úrskurðir um laun og starfskjör presta, prófesta og vígslubiskupa voru kveðnir upp á árinu. Sá fyrri hinn 28. júní og sá seinni þann 18. október. Með fyrri úrskurðinum voru afleysingagreiðslur sem prestar fengu áður til viðbótar launum sínum fyrir að leysa annan prest af í sumarleyfi og á vikulegum frídegi, felldar inn í mánaðarlaunin og hækkuðu þau við það um 14,75%. Heildarlaun hækkuðu þó ekki þar sem prestar fengu áður greidd 13,6 mánaðarlaun á ári en fengu eftir

úrskurðinn 12 mánaðarlaun. Þá voru viðbótargreiðslur til presta sem sátu einir í fjölmönnum prestaköllum felldar niður og einnig var með úrskurðinum ákveðið að einingafjöldi til presta í prestaköllum sem þjónað væri af fleiri en einum presti, miðaðist við fjölda sóknarbarna deilt með fjölda presta. Launabreytingar samkvæmt úrskurðinum voru frá og með 1. júlí 2005.

Með seinni úrskurðinum hinn 18. október 2005 var gerð lítilsháttar breyting á fyrri úrskurði þannig að fjölgað var um eina mánaðarlega einingu vegna orlofs af afleysingagreiðslum og tekið var upp að nýju ákvæði um viðbótareiningagreiðslur til presta í mjög fjölmönnum einmenningsprestaköllum. Gildistaka launabreytinga samkvæmt úrskurðinum miðaðist við 1. júlí 2005.

6. Helstu stefnumarkandi erindi um túlkun á úrskurðum kjaranefndar ofl.

6.1. Um presta, prófaste og vígslubiskupa

6.1.1. Sérþjónusta Þjóðkirkjunnar og starf kirkjunnar erlendis

Í janúar barst kjaranefnd erindi frá formanni Prestafélags Íslands þar sem farið var fram á að kjaranefnd úrskurðaði sérstaklega um launakjör prófastsins í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra vegna mjög sérstakra starfsskilyrða sem þar væru. Prófasturinn væri einn þriggja prófaste í langfjölmennustu prófastsdæmunum en auk tíu stórra safnaða á höfuðborgarsvæðinu heyrði undir hann öll sérþjónusta Þjóðkirkjunnar og söfnuðir Íslendinga á erlendri grundu.

Niðurstaða kjaranefndar var að frá 1. janúar 2005 skyldi mánaðarlegum einingum prófastsins í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra fjölga um 6 einingar á mánuði, meðan hann væri jafnframt prófastur yfir sérþjónustunni og starfi kirkjunnar erlendis.

6.1.2. Álag vegna viðbótarmenntunar

Í ágúst barst kjaranefnd erindi frá prófastinum að Reynivöllum í Kjós þar sem hann óskaði eftir endurskoðun á launum sínum vegna framhaldsmenntunar.

Kjaranefnd synjaði erindinu og vísaði til þess að við ákvörðun launa embættismanna hefði kjaranefnd fyrst og fremst litið til starfsins og þeirra krafna sem það gerði en ekki til sérstakrar menntunar embættismanna. Kæmi hins vegar til þess að kjaranefnd breytti þeirri framkvæmd myndi það verða gert með almennri breytingu á reglum sem næði til allra embættismanna en ekki með einstaklingsbundnum ákvörðunum.

6.1.3. Sameining tveggja prófastsdæma

Í október barst kjaranefnd erindi frá Biskupsstofu þar sem þess var óskað að kjaranefnd fjallaði um erindi prófastsins í Vestfjarðarprófastsdæmi og ákveddi hvort honum bæri að fá greidd viðbótarlaun / einingar vegna sameiningar Ísafjarðar- og Barðastrandarprófastsdæma sem tekið hefði gildi þann 1. ágúst. 2005.

Niðurstaða kjaranefndar var að greiða skyldi prófasti Vestfjarðarprófastsdæmis fjórar viðbótareiningar á mánuði vegna sameiningar prófastsdæmanna frá 1. ágúst 2005 og út núverandi skipunartíma prófastssins.

6.1.4. Afleysing héraðsprests á störfum sóknarprests sem gegnir aukþjónustu
Í desember barst kjaranefnd erindi frá Biskupsstofu þar sem óskað var álits á launagreiðslum til handa héraðspresti Þingeyjarprófastsdæmis, sem beðinn hefði verið um að leysa sóknarprestinn í Laufásprestakalli af í tímabundnu tveggja mánaða veikindaleyfi hans. Auk Laufásprestakalls gegndi sóknarpresturinn aukþjónustu í Ljósavatsprestakalli í 50% starfshlutfalli.

Niðurstaða kjaranefndar var að eins og atvikum háttaði í þessu tilviki gengi héraðspresturinn við afleysinguna inn í kjör þess sóknarprests sem hann leysti af, þ.e. tæki laun sem sóknarprestur (ekki prófastur) í Laufásprestakalli auk launa fyrir aukþjónustuna í Ljósavatsprestakalli. Hins vegar féllu laun hans sem héraðsprestur niður þann tíma sem afleysingin varði.

6.2. Um embættismenn

6.2.1. Um álag vegna tímabundinnar skipunar

Í febrúar barst kjaranefnd erindi frá nokkrum forstöðumönnum ríkisstofnana sem skipaðir eru tímabundið í embætti. Í erindinu var þess óskað að kjaranefnd tæki til endurskoðunar þá ákvörðun að fella niður sérstakt álag á mánaðarlaun vegna tímabundinnar skipunar.

Kjaranefnd synjaði erindinu. Í rökstuðningi nefndarinnar fyrir niðurstöðunni var vísað til þess að sú ákvörðun sem vitnað hefði verið til í erindi forstöðumanna hefði verið tekin með úrskurði kjaranefndar hinn 18. júní 2003. Þá hefði kjaranefnd ákveðið að frá og með 1. júní 2003 félli niður 5% álag á mánaðarlaun embættismanna sem skipaðir væru tímabundið. Samtímis hefði launatafla kjaranefndar fyrir embættismenn hækkað um 5%. Þannig hefði ekki lengur verið gerður greinarmunur á launakjörum embættismanna eftir því hvort þeir væru með tímabundna eða ótímabundna skipun.

Þá var í synjunarbréfi kjaranefndar vísað til þess að ákvörðun kjaranefndar um að greiða álag á mánaðarlaun embættismanna með tímabundna skipun hefði byggst á skipan eldri starfsmannalaga nr. 38/1954 þ.e. um tímabundin skipun sem undantekningu frá meginreglunni um ótímabundna skipun. Þannig hefði verið tekið tillit til þess að ráðningarkjör þeirra væru ekki í samræmi við meginregluna. Með breyttri meginreglu skv. gildandi starfsmannalögum nr. 70/1996 hefðu forsendur fyrir álagsgreiðslunum breyst.

6.2.2. Um launakjör í tímabundnu leyfi frá störfum sem embættismaður

Í júní barst kjaranefnd erindi frá skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands sem tekið hafði við tímabundnu starfi sem fulltrúi tveggja ráðuneyta við fastanefnd Íslands hjá Evrópusambandinu í Brussel. Óskaði hann eftir afstöðu kjaranefndar til ákvarðana um laun og launakjara á þeim tíma.

Í svari kjaranefndar kom fram að úrskurðarvald kjaranefndar um launakjör næði til starfa viðkomandi embættismanns sem skrifstofustjóri í Stjórnarráði. Um launa-

kjör starfsmanna utanríkisþjónustunnar, annarra en sendiherra og sendifulltrúa, færi samkvæmt kjarasamningum og reglum utanríkisráðuneytisins. Á meðan viðkomandi gegndi störfum erlendis og væri í leyfi frá störfum sem skrifstofustjóri í Stjórnarráði heyrði það því ekki undir kjaranefnd að fjalla um launakjör hans.

7. Aukastörf

Kjaranefnd bárust 19 erindi um hvort aukastarf tilheyrði aðalstarfi á árinu. Niðurstaða kjaranefndar var að aukastarf tilheyrði aðalstarfi í 8 erindum og bæri því ekki að launa sérstaklega, en í 10 erindum var niðurstaðan að umrætt starf væri utan aðalstarfs. Einu erindi var ólokið í árslok.

8. Erindi hjá umboðsmanni Alþingis og dómstólum

8.1. Umboðsmaður Alþingis

Einu máli vegna ákvörðunar kjaranefndar var vísað til umboðsmanns Alþingis á árinu. Sóknarpresturinn í Njarðvíkurprestakalli kvartaði í janúar 2005 til umboðsmanns vegna synjunar kjaranefndar á því að verða við beiðni hans um hækkun launa vegna aukins álags í starfi í kjölfar þess að Kirkjuvogssókn var lögð undir Njarðvíkurprestakall.

Umboðsmaður lauk umfjöllun um erindið með bréfi í desember 2005 með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þ.e. málið var fellt niður að fenginni skýringu kjaranefndar.

8.2. Dómstólar

Eitt mál gekk til dóms á árinu 2005 þegar Hæstiréttur Íslands felldi dóm hinn 26. maí í máli prófessors gegn íslenska ríkinu og Háskóla Íslands (mál nr. 501/2004). Í málinu var tekist á um hvort heimilt hefði verið að draga tiltekin launatengd gjöld frá þeirri fjárhæð sem prófessorinn hafði fengið við úthlutun kjaranefndar úr ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora.

Niðurstaða Hæstaréttar var að óheimilt hefði verið að draga launatengd gjöld frá úthlutunum til prófessorsins samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör prófessora frá 2. júlí 1998 og ákvörðun hennar frá 11. desember 2001 af heildarframlagi ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora. Voru stefndu, íslenska ríkinu og Háskóla Íslands, dæmd til að greiða honum umkrafa fjárhæð auk vaxta og dráttarvaxta, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómurinn var fordæmisgefandi um úthlutanir kjaranefndar til allra prófessora við ríkisháskóla á árinu 2001 og síðar og voru greiðslur til þeirra leiðréttar til samræmis við dóminn.

9. Lokaorð

Hinn 20. janúar 2006 voru samþykkt lög nr. 2/2006 um breytingu á lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Með hinum nýju lögum bættist við ákvæði til bráðabirgða við lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Ákvæðið er svohljóðandi:

“Úrskurður Kjaradóms frá 19. desember sl. skal falla úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 10. gr. skulu úrskurðir Kjaradóms og kjaranefndar, frá og með gildistöku laga þessara og til loka árs 2006, taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Telji Kjaradómur eða kjaranefnd að á þessu tímabili sé sérstök ástæða til breytinga á kjörum einstakra embættismanna eða hópa, vegna breytinga á umfangi starfa eða á verkefnum og verksviði þeirra, skal þess gætt að það valdi ekki röskun á vinnumarkaði”.

Hinn 30. janúar 2006 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að fara yfir lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Nefndinni var falið að gera tilögur um breytingar á þeim lögum í ljósi reynslunnar og ábendinga sem fram höfðu komið um annmarka á þeim. Sérstaklega skyldi skoðað hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar. Meðal annars skyldi hugað að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem þessum úrskurðaraðilum væri sett í lögum fyrir launaákvarðanir sínar. Þá skyldi einnig farið yfir það hverra laun skyldu ákveðin af sérstökum úrskurðaraðilum og hvernig skipan þeirra skyldi háttáð.

Nefndin skilaði af sér vinnu sinni hinn 22. mars sl. með frumvarpsdrögum til laga um kjararáð sem ætlað er að leysa Kjaradóm og kjaranefnd af hólmi. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 3. apríl sl.

Úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996:

II. hluti. Sérstök ákvæði um embættismenn.

V. kafli. Skipun eða setning í embætti.

■22. gr. Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:

1. Skrifstofustjóri Alþingis, ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis.
2. Forsetaritari, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.
3. [Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.]¹⁾
4. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
5. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari og saksóknarar.
6. Ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna.
7. [Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, [forstjóri Útlendingastofnunar]²⁾ og lögreglumenn.]³⁾
8. [Tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.]⁴⁾
9. [Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.]⁵⁾
- [10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórar.
11. ...⁵⁾
12. [Yfirdýralæknir.]⁶⁾
13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.]³⁾

□Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir [13. tölul. 1. mgr.]³⁾ og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.

¹⁾L. 15/1998, 36. gr. ²⁾L. 96/2002, 59. gr. ³⁾L. 150/1996, 9. gr. ⁴⁾L. 155/2000, 23. gr. ⁵⁾L. 93/2002, 33. gr. ⁶⁾L. 76/2005, 53. gr.

Auglýsing

um framlengdan athugasemdafrest vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi í Fjarðabyggð

Iðnaðarsvæði á Kollaleiru og hafnarsvæði vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Fjarðabyggð auglýsir hér með framlengdan athugasemdafrest vegna breytinga á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Kollaleiru og hafnarsvæðis vöruflutningahafnar á Reyðarfirði sbr. 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997:

Helstu breytingar felast í:

1. Vesturhluti iðnaðarsvæðisins er stækkaður til suðurs um 10.000 m² og deiliskipulag vöruflutningahafnar minnkað sem því nemur.
2. Fyrirhuguð gata Tjarnarvogur ásamt lóðum vestan hennar er felld niður.
3. Mörkum lóða við Leiruvog og Búðareyri 33 og 35 er breytt og lóðirnar nr. 37 og 39 við Búðareyri eru felldar niður.

Tillögumár ásamt nógildandi skipulagi voru til sýnis á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar og á heimasíðu sveitarfélagsins www.fjardabyggd.is, frá miðvikudeginum 13. október 2004 til miðvikudagsins 3. nóvember 2004 og nú aftur frá föstudeginum 21. janúar 2005 til laugardagsins 29. janúar 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Þar sem frestur til að gera athugasemdir var of stuttur í fyrri auglýsingu, þ.e. til 17. nóvember 2004, er hann nú til 29. janúar 2005. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skipulagsfulltrúa Strandgötu 49 á Eskifirði.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan tilgreinds frests telst samþykktur henni.

Skipulagsfulltrúinn í Fjarðabyggð,
Óttar Guðmundsson.

415)

Tilkynning

frá Fjármálaeftirlitinu

Staðfesting á fjárfestingarsjóðnum KB Samval.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr., sbr. 52. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlitð hefur samkvæmt II. kafla A laganna, þann 10. janúar 2005, staðfest reglur fjárfestingarsjóðsins KB Samval. KB Samval er fjárfestingarsjóður skv. 2. tölul. 2. gr., sbr. III. kafla A, laganna og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Reykjavík, 10. janúar 2005.
Fjármálaeftirlitð.

374)

Listi

yfir forstöðumenn skv. 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Í 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum eru taldir upp í 13 tölulöðum þeir sem teljast embættismenn samkvæmt lögunum. Í 2. mgr. segir að fjármálaráðherra skerl úr því hvaða starfsmenn falli undir 13. tölulöð þessarar greinar, þ.e. forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem ekki eru taldir sérstaklega upp í 1. - 12. tölulöð. Jafnframt segir að ráðherra skuli fyrir 1. febrúar ár hvert birta í Lögbirtingablaði lista yfir þá starfsmenn.

Listinn birtur fyrir 1. febrúar 2005 er svohljóðandi:

Forsætisráðuneyti
Bankastjórn Seðlabanka Íslands
Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands
Forstjóri Persónuverndar

Félagsmálaráðuneyti
Forstjóri Barnaverndarstofu
Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs
Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Austurlandi
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Norðurlandi eystra

2001, en III. kafla laga um vexti og verðbreytingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram afrit reikninga og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna á síðari stigum málsins, gefi málatilbúnaður hins stefnda félags tilefni til.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Askorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfumur nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 17. mars 2005, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfumur verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður

Reykjavík, 3. desember 2004.
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

079

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 20. desember 2004, var neðangreint búi tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldprotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bú.

Nafn bú:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Bró-flutningar ehf., kt. 670695-2079, Fungrund 71, Kópavogi	29. nóvember 2004	miðvikudaginn 30. mars 2005 kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 29. desember 2004.
Óskar Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

116219

Skiptafundur

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ráðhústorgi 3, Akureyri á neðangreindum tíma.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum verður skiptum lokið þá með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti.

Nafn bú: Skiptafundur:
Þórir G. Himriksson, föstudaginn
kt. 020631-2799, 4. febrúar 2005
Silfurbraut 2, Höfn í Hornafirði kl. 14.00

Akureyri, 10. janúar 2005.
Sigmundur Guðmundsson hdl.,
skiptastjóri.

(75)

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. maí 2002 var neðangreint bú tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið á skiptafundi hinn 16. júní sl. samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldprotaskipta.

Nafn bú: Lýstar kröfur kr.:
Jóakim frændi, 3.343.191
kt. 450700-2130

Reykjavík, 6. janúar 2005.
F.h. Kristins Hallgrímssonar hdl.,
Eiríkur Gunnsteinsson hdl.

(84)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. febrúar 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Eigar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið á skiptafundi hinn 15. desember 2004 sl. samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldprotaskipta.

Nafn bú: Lýstar kröfur kr.:
Heiðsölugallerí ehf., 127.358.775
kt. 510699-2979

Reykjavík, 29. desember 2004.
F.h. Óskars Norðmann hdl.,
Eiríkur Gunnsteinsson hdl.

(85)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2005 var neðangreint bú tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust og lauk skiptum í dag samkvæmt 1. mgr. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldprotaskipta.

Nafn bú: Fjárhæð lýstra krafna:
Marta Kr. Sigurjónsdóttir, kr. 16.007.483
kt. 120870-2979,
Hlíðarhjalla 16, Kópavogi.

Hafnarfirði, 5. janúar 2005.
Ólafur Eiríksson hdl.,
skiptastjóri.

(89)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 15. janúar 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldprotaskipta. Undirritaður hefur verið skipaður skiptastjóri í búinu.

Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Norðurlandi vestra
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Reykjanesi
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Reykjavík
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Vestfirðum
Framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Vesturlandi
Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins
Forstjóri Vinnuálastofnunar

Fjármálaráðuneyti
Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins
Forstjóri Fasteignamats ríkisins
Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins
Forstjóri Lánasýslu ríkisins
Forstjóri Ríkiskaupa
Forstöðumaður Fasteigna ríkissjóðs
Fjársýslustjóri

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss
Forstjóri Lyfjastofnunar
Forstjóri Lýðheilsustöðvar
Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins
Forstöðumaður Geislavarna ríkisins
Framkvæmdastjóri Fjórðungssjúkrahússins Akureyri
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Akranesi
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Hólmavík
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum
Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Vestmannaeyjum
Framkvæmdastjóri Heilsugæslu Reykjavíkur
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Garðabæ
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Grundarfirði
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Hafnarfirði
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Kópavogi
Framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsvík
Framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinaustöðvar
Framkvæmdastjóri Sólvangs, Hafnarfirði
Framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala, Hafnarfirði
Landlæknir
Yfirlæknir Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra

Iðnaðarráðuneyti
Forstjóri Byggingastofnunar
Forstjóri Einkaleyfastofnunar
Forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands
Forstjóri Íslenskra orkurannsóknna
Forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins
Orkumálastjóri
Rafmagnsveitustjóri ríkisins

Landbúnaðarráðuneyti
Forstöðumaður Aðfangæftirlitsins
Forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins
Framkvæmdastjóri Lánasjóðs landbúnaðarins
Framkvæmdastjóri Veidimálastofnunar
Landgræðslustjóri
Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands
Skógræktarstjóri
Skólameistari Hólaskóla
Veidimálastjóri

Menntamálaráðuneyti
Forstjóri Námsgagnastofnunar
Forstöðumaður Blindrabókasafns Íslands
Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins
Forstöðumaður húsfriðunarnefndar
Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar
Forstöðumaður Listasafns Einarssonar

Forstöðumaður Listasafns Íslands
 Forstöðumaður Námsmatsstofnunar
 Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heymarskertra
 Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi
 Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
 Forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands
 Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands
 Forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands
 Framkvæmdastjóri Lánasjóðs Íslenskra námsmanna
 Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands
 Landsbókavörður
 Listdansstjóri Íslenska dansflokksins
 Rektor Háskóla Íslands
 Rektor Háskólans á Akureyri
 Rektor Kennaraháskóla Íslands
 Rektor Tækniháskóla Íslands
 Skólameistari Borgarholtsskóla
 Skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla
 Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti
 Skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ
 Skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
 Skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga
 Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands
 Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðuresja
 Skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands
 Skólameistari Flensborgarskóla
 Skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík
 Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum
 Skólameistari Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu
 Skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum
 Skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði
 Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík
 Skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík
 Skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni
 Skólameistari Menntaskólans á Akureyri
 Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum
 Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði
 Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi
 Skólameistari Menntaskólans í Reykjavík
 Skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð
 Skólameistari Menntaskólans við Sund
 Skólameistari Verkmennaskóla Austurlands
 Skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri
 Skólastjóri Listdansskólans
 Útvarpsstjóri
 Þjóðleikhússtjóri
 Þjóðminjavörður
 Þjóðskjalavörður

Samgönguráðuneyti

Ferðamálastjóri
 Flugmálstjóri
 Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar
 Forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa
 Framkvæmdastjóri Umferðarstofu
 Siglingamálastjóri
 Vegamálastjóri

Sjávarútvegsráðuneyti

Fiskistofustjóri
 Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar
 Forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarinnar
 Forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna
 Forstöðumaður Verblagsstofu skiptaverðs

Umhverfissráðuneyti

Brunamálastjóri
 Forstjóri Landmælinga Íslands
 Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
 Forstöðumaður Náttúrufræðistofnunarinnar við Mývatn
 Forstöðumaður Stofnunar Vilhjálm Stefánssonar
 Forstjóri Umhverfisstofnunar
 Framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs
 Skipulagastjóri ríkisins
 Veðurstofustjóri

Útanríkisráðuneyti

Flugvallarstjóri Keflavíkurflugvelli
 Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Óverulegar eignir fundust í búinu og lauk skiptum 7. janúar 2005, skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur.

Nafn bús: Fjárhæð lýstra krafna:
 Final ehf., heildarkröfur: kr. 6.071.229
 kt. 640796-2359, kröfur skv. 109. gr. kr. 0
 Grænutungu 8, búskröfur skv. 110. gr. laga
 Kópavogi nr. 21/1991 (greiddust að fullu)
 veðkröfur skv. 111. gr. kr. 0
 forgangskröfur: kr. 0
 almennar kröfur: kr. 6.071.229

Reykjavík, 7. janúar 2005.
 Jón G. Briem hrl. (376)

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 13. nóvember 2003 og héraðsdóms Reykjavíkur, 25. febrúar 2004 voru bú neðangreindra aðila tekin til gjaldprotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í protabúnum.

Skiptum í búnum lauk þann 29. desember 2004 með úthlutunargerð skv. 2. mgr. 160. gr. laga nr. 21/1991, og greiddust kröfur eins og að neðan greinir.

Nafn bús: Lýstar kröfur:
 Stálbitar ehf., Skv. úthlutunargerð greiddust
 kt. 620801-2320 kr. 216.194 eða 21,8326%
 app í forgangskröfur
 Almennar og efristær kröfur
 kr. 7.909.359 (ekkert greiddist)
 (391)

Monica ehf., Skv. úthlutunargerð greiddust
 kt. 680898-2359, kr. 812.407 eða 73,6635%
 app í forgangskröfur
 Almennar og efristær kröfur
 kr. 14.536.735
 (392)

Hafnarfirði, 29. desember 2004.
 Bjarni Lárússon hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. október 2004 voru eftirtalin bú tekin til gjaldprotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi protabú.

Engar eignir fundust í búnum og var skiptum því lokið þann 12. janúar 2005 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldprotaskipta.

Nafn bús: Fjárhæð lýstra krafna kr.:
 Húsa- og þakmálm ehf., 5.230.483
 kt. 610601-2860, Vesturbergi 94, Reykjavík (403)
 Víkurtak ehf., 44.077.015
 kt. 420801-2540, Fannafold 203, Reykjavík (404)
 Ýmislegt ehf., 18.359.634
 kt. 550498-2439, Flúðaseli 87, Reykjavík (405)

Reykjavík, 12. janúar 2005.
 F.h. Magnúsar Guðlaugssonar hrl.,
 skiptastjóra,
 Elísabet Júlíusdóttir hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 7. október 2004 var neðangreint bú tekið til gjaldprotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri. Skiptum lauk í dag skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallins kostnaðar og vaxta eftir úrskurðardag skipta.

Nafn bús: Fjárhæð lýstra krafna:
 EEB Gallery ehf., Alm. og efrist. kröfur
 kt. 570401-2380, kr. 9.010.496
 Vallargötu 16, Sandgerði

Reykjanessbæ, 7. janúar 2005.
 Lárentínus Kristjánsson hrl. (406)

Firmaskrá

Blönduós

Hér með tilkynnist til firmaskrár sýslumanns-embættisins á Blönduósi að félaginu, Laufskógar sf., var slitið 6. maí 2004 og óskast það því afmáð úr firmaskránni.

Kópavogi, 7. maí 2004.
F.h. Laufskóga sf.
Hólmsteinn Steingrímsson.

(409)

Sauðárkrókur

Hér með tilkynnist firmaskrá sýslumannsins á Sauðárkróki eftirfarandi breytingar á sam- eignarfélaginu Merkisbræðrum sf., kt. 670793-2309, Dalatúni 15, Sauðárkróki.

Jóhann Friðriksson, kt. 210653-2529, Birki- hlíð 27, Sauðárkróki, gengur út úr félaginu frá og með 1. janúar 2005 og eru allar skuldbind- ingar félagsins frá þeim tíma honum óvilkom- andi.

Hinn 1. janúar 2005 ganga eftirtaldir aðilar inn í félagið:

Árni Stefánsson, kt. 101053-3429, Raftahlíð 29, Sauðárkróki, Halldór Halldórsson, kt. 230461-2529, Háuhlíð 10, Sauðárkróki, Ingvi Sigfússon, kt. 230757-4539, Smáratúni 11, Álftanesi, Jóhann Helgi Ingólfsson, kt. 030760-3879, Dalatúni 7, Sauðárkróki, Magnús Svavarsson, kt. 281054-2609, Víðihlíð 17, Sauðárkróki, Páll Kolbeins- son, kt. 170464-3119, Gilstúni 14, Sauðárkróki, Ragnar Þór Káráson, kt. 180662-5889, Raftahlíð 46, Sauðárkróki, Viggó Jónsson, kt. 131060-4249, Smáragrund 2, Sauðárkróki, Þórarinn Thorlacius, kt. 250654-2359, Raftahlíð 73, Sauðárkróki og Tómas Dagur Helgason, kt. 261061-7679, Móafliet 10, Garðabæ.

Taka þeir við rekstri og skuldbindingum félagsins frá og með 1. janúar 2005 ásamt Mar- geiri Friðrikssyni, kt. 151060-3239, Dalatúni 15, Sauðárkróki, sem fyrir er í félaginu.

Firmað rita Halldór Halldórsson og Viggó Jónsson.

Sauðárkróki, 1. janúar 2005.

(369)

Ísafjörður

Það tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar að Brynja Björg Guðmundsdóttir, kt. 080680-5469, skal frá og með deginum í dag teljast laus allra mála og skuldbindinga vegna reksturs félagsins FishTec sf., kt. 440101-3130.

Þess í stað skal Guðmundur Hólm Indriðason, kt. 230854-3439, yfirtaka skuldbindingar hennar.

Eftir breytingu eru Guðmundur Hólm Ind- riðason og Vilhelmina Halla Guðmundsdóttir kt. 161257-4439 jafnir eigendur hvort með 50%.

Ísafirði, 15. desember 2004.
Staðfesting á lausn frá félaginu,
Brynja Björg Guðmundsdóttir.
Samþykkt ofangreindum breytingum.
Vilhelmina Halla Guðmundsdóttir,
Guðmundur Hólm Indriðason.

(378)

Kaupmálar

Kópavogur

Í janúarmánuði 2005 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjú- skaparlaga nr. 31/1993. Viðbúðudags hjá sýslu- mannsembættinu í Kópavogi er getið innan sviga:

Viðskiptaráðuneyti
Forstjóri Fjármálaeftirlitsins
Forstjóri Löggingingastofu
Forstjóri Samkeppnisstofnunar
Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 2005.
F. h. r.
Baldur Guðlaugsson. / Gunnar Björnsson.

412)

Nauðungarsölur

Reykjavík

Eftirtaldir beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 24. febrúar 2005 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna (krónum):
Langahlíð 13, 010201 og blískúr 040102 <small>267)</small>	Böðvar Páll Ásgeirsson og Gréta M. Sigurðardóttir	Íbúðalánasjóður	72.985
Langholtiavegur 85, 010201 <small>268)</small>	Halla Björk Kristjánsdóttir	Íbúðalánasjóður	213.004
Langholtiavegur 128, 010002 <small>269)</small>	Sverrir Pétur Pétursson	Tollstjóraembættið	11.337.337
Laufásvegur 18A, 010501 <small>270)</small>	Jón Hinrik Hjartarson	Lögreglustjóraskrifstofa	110.275
Laufengi 112, 010201 <small>271)</small>	Bryndís Gertrud Hauksdóttir og Ólafur Gunnar Gunnarsson	Íbúðalánasjóður	360.946
Laugavegur 5, 010101 <small>272)</small>	Símon Ragnarsson	Tollstjóraembættið	257.064
Laugavegur 17, 010101 <small>273)</small>	Festar ehf.	Tollstjóraembættið	310.022
Laugavegur 34B, 010001 <small>274)</small>	Smári Arnarsson	Rafhúsið ehf.	288.015
Laugavegur 36, 010101, 37,5% ehl. <small>275)</small>	G. Ólafsson og Sandholt sf.	Tollstjóraembættið	1.346.682
Laugavegur 51, 010101 <small>276)</small>	Ljóshólar ehf.	Tollstjóraembættið	1.842.457
Laugavegur 51, 010102 <small>277)</small>	Ljóshólar ehf.	Tollstjóraembættið	733.033
Laugavegur 73, 0101 <small>278)</small>	Arnar Hannes Gestsson	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	186.169
Leiðhamrar 5, 010101 <small>279)</small>	Haukur Hannesson, Ágústa Þorbergsdóttir og Hannes Pálmason	Íbúðalánasjóður, Ísfugl ehf. og Líffeyrissjóður verslunarmanna	666.926
Lindarbraut 2, 0001, Seltjarnarnesi <small>280)</small>	Vilhjálmur Valdimarsson	Sameinaði líffeyrissjóðurinn	312.768
Lindarsel 15, 010101 <small>281)</small>	Viggó Valdemar Sigurðsson og Eva Þórey Haraldsdóttir	Íbúðalánasjóður og Líffeyrissjóður starfsmanna ríkisins. B-deild	289.999
Logafold 106, 010101 <small>282)</small>	Skátasamband Reykjavíkur	Tollstjóraembættið	526.808